

Ríkisútvarpið ohf.  
Efstaleiti 1  
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. september 2019  
UST201909-116/H.H.  
09.06.01

### **Efni: Umsókn um leyfi til kvíkmyndatöku með dróna - Dyrhólaey**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Ríkisútvarpsins ohf., dagsett 11. september 2019, um leyfi til kvíkmyndatöku við Dyrhólaey.

Dyrhólaey er friðlýst sem náttúruvætti sbr. auglýsing nr. 101/1978. Óheimilt er að trufla dýralíf á svæðinu. Mannvirkjagerð og jarðrask er óheimil nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

#### **Lýsing verkefnis:**

Verkefnið er að sýna dag í lífi landans og er á vegum RÚV. Taka á upp efni efst á eyjunni seinnipartinn þann 22. september 2019. Að verkefninu koma þrír starfsmenn en engin þörf verður að setja upp búnað eða fara út fyrir stíga. Aðeins verður dróni notaður til að ná myndefni. Dróninn mun fljúga í um 70 metra hæð í kringum Dyrhóley og Reynisfjöru. Flugtíminn í heild er um klukkutími með hléum.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur verkefnið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins en gæti haft truflandi áhrif á fuglalíf. Varp er hinsvegar afstaðið og margir fuglar þegar farnir af svæðinu. Líklegt er þó að eitthvað verði um lunda og fyl á svæðinu. Töluluverður fjöldi gesta er í Dyrhólaey á meðan dagsbirtu nýtur. Viðbúið er að drónaflug hafi nokkur truflandi áhrif á upplifun gesta, sé flogið í nálægð við þá. Flugið mun að öllum líkinum fara fram með viðveru landvarðar eða annara starfsmanna Umhverfisstofnunar sem þekkja til á svæðinu.

#### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Ríkisútvarpinu fyrir sitt leyfi fyrir kvíkmyndatöku við Dyrhólaey sbr. lýsingu hér að ofan 22. september 2019 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalyssingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.

- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Einungis skal gengið eftir merktum göngustígum og óheimilt er að fara inn á lokað svæði.
- Koma skal fyrir merkingum á tökustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitsemi og tryggja að tökurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er. Færri gestir heimsækja svæðið snemma morguns og síðdegis.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvíkmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólk og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum eða fuglum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess ef það brotlendir eða bilar.
- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.
- Óheimilt er að fljúga innan 200 metra fjarlægðar frá fuglabjörgum á varptíma. Utan varptíma er óheimilt að fljúga nær fuglabjörgum en 50 metra ef fugl er í bjarginu.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægt.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð lofftör nr. 990/2017

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfsrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfistofnun bendir á að dróna sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Virðingarfyllst

*Hildur Hafbergssdóttir*

Hildur Hafbergdsóttir  
sérfræðingur

*Daníel Freyr Jónsson*

Daníel Freyr Jónsson  
sérfræðingur